

Alþingi
Erindi nr. **P** 130/937
komudagur 4.2.2004

FÉLAG ÍSLENSKRA TRYGGINGASTÆRÐFRÆÐINGA

Reykjavík, 30.01.2004

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi

Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingarsamninga lagt fram á 130. löggjafarþingi 2003-2004.

Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um váttryggingasamninga. Hópur innan félagsins hefur fjallað um málið um komist að þeirri niðurstöðu að 85. grein frumvarpsins geti haft bein áhrif á iðgjaldagrundvöll til hækkunar. Umsögnin fer hér á eftir:

Athugasemdir við 85. grein.

Lagt er til að felld verði út 2. mgr.

Til vara er lagt til að 2. mgr. taki einungis til hreinna áhættulíftrygginga og að tímamörk verði lengd í 5 ár.

Þær líf- og heilsutryggingar sem hafa verið boðnar af íslenskum félögum eru tryggingar sem byggðar eru á tæknilegum reiknigrundvelli. Samningarnir eru óuppsegjanlegir af hálfu váttryggingarfélagsins og í flestum tilfellum gildir samningur til 70 ára aldurs váttryggðs og er því um langtímasamning að ræða. Iðgjald á samningstímann er ákveðið við upphaf samnings og eru líftryggingafélögum settar þröngar skorður með að breyta því á samningstímanum. Ein af forsendum iðgjaldaútreiknings eru aðferðir sem notaðar eru við áhættumat. Í einstaklingstryggingum er notast við viðamiklar umsóknir með spurningum um heilsufar og upplýsingagjöf er hornsteinn að iðgjaldaútreikningi. Með því að fyrna rangar eða ófullkomnar upplýsingar að hluta er hætta á að tæknilegum reiknigrundvelli trygginganna sé stefnt í vöða og ólíklegt að ætla annað en að iðgjald núverandi trygginga myndi hækka verulega. Þá eru endurtryggingarsamningar sem íslensk líftryggingafélög hafa gert við erlenda endurtryggjendur sína miðuð við upphafleg ákvæði skilmála um áhrif rangra upplýsinga. Rétt upplýsingagjöf hefur þó enn meira vægi í heilsutryggingum en líftryggingum og því er til vara lagt til að fyrningin taki einungis til hreinna líftrygginga og að tímamörkin verði fimm ár í stað tveggja.

Virðingarfyllst,



Benedikt Jóhannesson,
formaður Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga